

Aðalfundur Stranda,

haldinn 23. september 2018 samþykkir eftirfarandi:

Tillögur til 34. aðalfundar Landssambands smábátæigenda

1. Aðalfundur Stranda leggur til að fyrirkomulag grásleppuveiða verði óbreytt eins og undanfarandi ár. Fundurinn mótmælir harðlega hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.
2. Aðalfundur Stranda leggur til að veiðigjald verði prósentu af aflaverðmæti, en ekki föst krónutala eins og nú er.
3. Aðalfundur Stranda mótmælir harðlega öllum hugmyndum um myndavélaeftirlit um borð í smábátum.
4. Aðalfundur Stranda krefst þess að frjálsar veiðar verði á makríl á króka.
5. Aðalfundur Stranda samþykkir að strandveiðikerfið verði þróað áfram til að bæta afkomu útgerða strandveiðibáta.